

145. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

haldinn 22. ágúst 2007, kl. 13:00 að Austurvegi 56.

Mætt: Elfa Dögg Þórðardóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson, Björn B. Jónsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

1. Kaup í Förgun ehf.

Kaupsamningur lagður fram, framkvæmdastjóra falið að ganga frá honum eftir að árshlutauppgjör liggur fyrir. Guðmundi Tryggva falið að taka sæti í stjórn Förgunar.

2. Grænt bókhald 2006.

Framkvæmdastjóri kynnt grænt bókhald fyrir árið 2006, bókhaldið samþykkt og verður sent UST í framhaldi.

3. Metan söfnun, bréf frá VGK-Hönnun.

Farið yfir áætlun fyrir tillögugerð og kostnaðarmat vegna nýtingar á hauggasi frá urðunarstaðnum í Kirkjuferjuháleigu. Samþykkt að fela VGK – Hönnun að gera áætlunina.

4. Bréf frá Hrunamannahreppi varðandi förgun á 300 heyrúllum.

Sorpstöð Suðurlands hafnar móttöku á 300 heyrúllum frá bæ þar sem upp kom riða, sem Hrunamannahreppur óskar eftir að fá að urða á Kirkjuferjuháleigu. Stjórnin vísar til bókunar frá 22 febrúar 2007 þar sem sett er stefna um að hætta móttöku á smituðum úrgangi. Sorpstöðin bendir á að aðrar leiðir séu hentugri og færar.

5. Samningur um hagsmunagæslu sveitarfélaganna.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu. Stjórnin fagnar þessu framtaki og lýsir yfir áhuga á frekari þátttöku.

6. Bréf frá Elfu Dögg Þórðardóttur.

Elfa lagði fram bréf þar sem hún segir sig úr stjórn af persónulegum ástæðum. Björn B. Jónsson tekur í framhaldi hennar sæti. Varaformaður tekur í framhaldi við stjórn.

7. Sameiginleg svæðisáætlun.

Tveir fundir hafa verið haldnir í verkefnisstjórn frá því í byrjun júní. Unnið er að gangasöfnun og tillögum um samstarfsform.

8. Önnur mál.

a. Söfnun umbúða og pappírs – framgangur.

Framkvæmdastjóri upplýsti um framgang verksins.

b. Eftirlit UST.

Eftirlitsskýrsla frá eftirliti UST þann 6. júní sl. var lögð fram til kynningar en UST gerir ekki athugasemdir við reksturinn á Kirkjuferjuháleigu.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl 15:00